



## Áfangalýsing ML

<b>Titill:</b>	Afþreying, yndislestur og skapandi skrif
<b>Námsgrein:</b>	Íslenska
<b>Viðfangsefni:</b>	Lestur og greining á fjölbreyttum skáldverkum. Skapandi skrif.
<b>Skammstöfun:</b>	ÍSLE3NS05
<b>Þrep:</b>	3
<b>Einingafjöldi:</b>	5
<b>Lýsing:</b>	Í áfanganum er lögð áhersla á bókmenntatexta og reynt að höfða til hvers og eins nemanda. Þá verða afþreyingarbókmenntir jafnt sem heimsbókmenntir kynntar og skoðaðar. Áfram er unnið með bókmenntafræðihugtök. Nemendur lesa kjörbækur að eigin vali og skoða margvíslega texta. Áfram eru nemendur þjálfaðir í ritun og lestri og áhersla lögð á greiningu og gagnrýna hugsun. Þá fá nemendur að spreyta sig á skapandi skrifum, undir handleiðslu sem og frjálst.
<b>Forkröfur:</b>	ÍSLE3RD05
<b>Þekkingarviðmið:</b>	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"><li>• mismunandi bókmenntategundum síðari alda</li><li>• helstu einkennum íslensks máls sem nýtist í ræðu og riti</li><li>• orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu</li></ul>
<b>Leikniviðmið:</b>	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"><li>• beita bókmenntahugtökum</li><li>• lesa texta frá ýmsum tímabilum</li><li>• skrifa skýran, vel uppbyggðan texta á vönduðu máli með fjölbreyttum orðaforða</li><li>• beita innsæi og ímyndunarafli í ræðu og riti</li><li>• skilja og nota viðeigandi málsnið, stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli</li><li>• nýta sköpunargáfu og sýna sjálfstæði við úrvinnslu verkefna</li><li>• lesa sér til gagns og gamans ýmsar gerðir ritaðs máls</li></ul>



<b>Hæfniviðmið:</b>	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"><li>• vera gagnrýninn í hugsun og hafa lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi</li><li>• þroska bókmenntasmekk sinn og lesa sér til ánægju</li><li>• átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og túlka dýpri merkingu texta</li><li>• skilja menningu ólíkra tíma</li><li>• rökræða bókmenntaverk, t.d. siðferðileg álitamál</li><li>• átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná duldum boðskap og hugmyndum</li><li>• skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.